

Orkustofnun  
Skúli Thoroddsen  
Grensásvegi 9  
108 REYKJAVÍK


Garðabær, 24. mars 2017  
2017030009/42-8  
TB  
jgo/tb

### Nýtingarleyfi, Nesjavellir

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 2. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Orku Náttúrunnar um leyfi til nýtingar á jarðhita á Nesjavöllum fyrir Nesjavallavirkjun.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að framangreint leyfi verði veitt en að mati stofnunarinnar þarf að koma fram í leyfinu að það sé háð því að fylgt sé ströngustu kröfum hvað varðar mat á umhverfisáhrifum, lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum, lög um vernd Þingvallavatns og vatnasviðs þess og lög um náttúruvernd eins og við á. Einnig telur stofnunin að tryggja þurfi að nýting orkunnar sé sjálfbær og að óeðlilegt sé að veita leyfi til ótakmarkaðs tíma eins og óskað er. Eðlilegt er að veita leyfi til ákveðins árafjölda með endurskoðunarákvæðum t.d. vegna áhrifa sem virkjunin getur valdið eða ef nýtingin reynist ósjálfbær.

Virðingarfyllst

  
Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

  
Trausti Baldursson

